

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

15. fundur.

Haldinn í skólanum þriðjudaginn 24. ágúst 1976. Hófst hann kl. 17⁰⁰.

Mættir voru Gunnar Sveinhsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Guðrún Sigurðardóttir, Jón Böðvarsson, Ingólfur Halldórsson ásamt undirrituðum.

Formaður setti fund og sagði eina efni fundarins vera að kanna umsóknir þær er borist hefðu um kennarastöður við skólann. Skólameistari las upp bréf ráðuneytisins, sem fylgdi umsóknunum. Tuttugu umsóknir bárust.

Umsóknirnar voru skoðaðar og flokkaðar niður, án þess að til þeirra væri tekin nokkur endanleg afstaða.

Í fundarlok óskaði formaður eftir, að fundarmenn færu í skoðunarferð að fiskverkunarhúsinu Röst h/f, því möguleikar væru á að fá þar húsnæði fyrir verknámskennslu. Var það einróma samþykkt.

Formaður boðaði til næsta fundar fimmtudaginn 26. ágúst á sama stað klukkan 20⁰⁰. Sleit hann því næst fundi um klukkan 18³⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign)